

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	13.10.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurál Grundartanga	<b>Fulltrúi UST</b>	Hrönn G. Guðmundsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702972609	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Einar Friðgeir Björnsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gísli Bragas./Sigurbjörg Jónsd.	<b>Staðsetning</b>	365596,685 431351,563

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik vegna starfseminnar en gerðar voru athugasemdir við ársfjórðungsskýrslur, öryggisblöð í verksmiðjunni og vegna loftgæða í skautsmiðju.

Endurskoða þarf sameiginlega vöktunaráætlun fyrir iðjuverin á Grundartanga og taka inn ný fyrirtæki á svæðinu og taka tillit til framleiðsluaukningar í nýju starfsleyfi Norðuráls.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið byrjaði á kynningu rekstraraðila á þurrhreinistöðvum frá kerskálum, mælingum og eftirliti með virkni búnaðarins. Starfsmaður yfirfer daglega þurrhreinistöðvarnar þar sem m.a. er fylgst með símælingum á flúor, ryki og brennisteinstvíoxíð. Mælingarnar gefa til kynna ástand á búnaði þurrhreinivirkja og hvort hreinsun í þurrhreinivirkjum er ekki nægjanleg. Losun flúors er mæld í rjáfrum með símælingum. Ryklosun um rjáfur er greind með sýnatöku árlega og losun í rauntíma metin útfrá ryklosuninni. 10 mínútna meðaltöl frá símælingum eru tekin saman í vefgátt sem er opin starfsmönnum. Rekstraraðilar þurrhreinistöðvanna fá sms tilkynningar fari losun yfir ákveðin mörk eða ef búnaður fer úr rekstri svo unnt sé að bregðast hratt við.

Breytingar á kerlinu 1 ganga vel fyrir sig en unnið er að undirbúningi fyrir fjárfestingu á því að koma sjálfvirku tvöföldu afsogi á þann hluta verksmiðjunnar líkt og nú er í kerlinu 2. Stjórnulaga pokar eru komnir í þurrhreinistöð 1 sem auka afsogsrýmd virkisins. Þessar endurbætur eru meðal annars undirbúningur fyrir framleiðsluaukningu sem fyrirhuguð er í verksmiðjunni á næstunni.

Þá var rætt um skráningar efna skv. reglugerð 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir er varða efni (REACH). Bent var á leiðbeiningar varðandi skráningar efna og breytingar á kröfum, en í reglugerðinni er innleidd krafa um skráningar á efnablöndum. Haldið er utanum skráningar og öryggisblöð í eco-online gagnagrunni. Rætt um öryggisblöð og merkingar. Í skoðunarferð var litið á öryggisblöð í steypuskála.

Í tengslum við nýtt starfsleyfi er gerð krafa um mælingar á PAH í útblæstri en þær eru fyrirhugaðar næsta sumar.

Að lokum var rætt um sameiginlega umhverfisvöktun iðjuveranna á Grundartanga. Endurskoða þarf vöktunaráætlunina og taka inn ný fyrirtæki á svæðinu. Farið var yfir kröfur Umhverfisstofnunar sem taka þarf tillit til við endurskoðun vöktunaráætlunarinnar.

Farið var í skoðunarferð um kerskála og fylgst með skautskiptum. Snyrtilegt var um að lítast. Auk þess var gengið um skautsmiðju og farið yfir mengunarvarnarbúnað á því svæði. Unnið er að endurbótum á búnaði í skautsmiðju, meðal annars færriböndum sem flytja skautleyfar í lokaða gáma. Skoðunarferðin endaði með því að skoða öryggisblöð í steypuskála.

## ATHUGASEMDIR

Endurskoða þarf mæliáætlun með tilliti til nýs starfsleyfis. Í síðasta eftirliti var óskað eftir að hlutfall flúors í ryki og losun SO<sub>2</sub> í rjáfri væri tilgreind í ársfjórðungsskýrslu. Þessar upplýsingar vantar í síðustu ársfjórðungsskýrslu fyrir 2. ársfjórðung 2015.

Uppfæra þarf öryggisblöð í verksmiðjunni og setja nýjar merkingar skv. efnalögunum nr. 61/2013.

Athugasemd er gerð við loftgæði í skautsmiðju en unnið er að endurbótum á m.a.

mengunarvarnarbúnaði og því var meira ryk í lofti en vanalega.

**ANNAÐ**

Unnið er að nýju starfsleyfi Norðuráls en frestur fyrir almenning að gera athugasemdir við starfsleyfistillöguna rann út 20.október sl. Stofnunin vinnur nú að úrvinnslu umsagnanna.

Reykjavík, 23.11.2015



Halla Einarsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.